

**austur.is**

vefgátt stoðstofnana á Austurlandi

Sameinuð sjálfseignarstofnun er stofnuð á grunni Þekkingarnets Austurlands, Þróunarfélags Austurlands, Markaðsstofu Austurlands og Menningarráðs Austurlands og annast daglegan rekstur Sambands sveitarfélaga á Austurlandi. Stofnunin verður með fimm starfsstöðvar á Austurlandi og yfir 20 starfsmenn. Nánari upplýsingar á [www.austur.is](http://www.austur.is).

Tilgangur stofnunarinnar er að vinna að hagsmunamálum íbúa, sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja á Austurlandi og veita samræmda og þverfaglega þjónustu tengda atvinnulífi, menntun og menningu. Stofnunin verður í forsvari fyrir þróun atvinnulífs, samfélags, stjórnsýslu, háskólanáms, símenntunar, rannsókna, þekkingar- og menningarstarfs á Austurlandi.

# Framkvæmdastjóri nýrrar stoð- og þekkingarstofnunar á Austurlandi

Verkefnisstjórn um sameiningu stoðstofnana á Austurlandi óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra frá og með 1. apríl til starfa í nýrri sjálfseignarstofnun. Leitað er að drifandi einstaklingi sem býr yfir skipulagshæfileikum og hefur mikla samskiptahæfni. Um er að ræða afar fjölbreytt starf sem byggir á samstarfi og samskiptum við sveitarfélög, þekkingarstofnanir, fyrirtæki, ríkisstofnanir, ráðuneyti, alþingi og aðra þá sem til stofnunarinnar leita.

## Starfssvið:

- Ábyrgð á rekstri og starfsemi
- Ábyrgð á framkvæmd fjárhagsáætlunar
- Fulltrúi stofnunar í umboði stjórnar
- Ráðgjöf við sveitarfélög og aðra hagsmunaaðila
- Verkefnapróun og tengslamyndun

## Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af rekstri, stjórnun og mannahaldi
- Góð samskiptahæfni og samningstækni
- Opin og skapandi hugsun

Búseta á Austurlandi er skilyrði.

## Upplýsingar veitir:

Rannveig J. Haraldsdóttir  
[rannveig@hagvangur.is](mailto:rannveig@hagvangur.is)

Umsóknarfrestur er til og með 26. febrúar nk.

Umsóknir óskast fylltar út á [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is).



**HAGVANGUR**

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700  
[www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is)